

Nr. 700

28. júlí 2009

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leirubakka.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 staðfesti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 7. maí 2009, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra.

Breytingin er í byggingarskilmálum í kafla 4.2.3 í greinargerð deiliskipulagsins.

Byggingarskilmálar breytast þannig að í stað þess að einungis sé heimilt að klæða hús með timbri eða bárujární *er klæðningarefni gefið frjálst á öllum svæðum. Þó með skilyrðum um að byggingar falli vel að landi.*

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundahúss, gestahúss og hesthúss í Hekluseli í landi Efra-Sels.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra á fundi sínum 14. ágúst 2008, deiliskipulag frístundahúss, gestahúss og hesthúss. Umrætt svæði, Heklusel, er í landi Efra-Sels, Rangárþingi ytra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 28. júlí 2009.

F.h. hreppsnefndar Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2009